

# Lögmannablaðið



9. árgangur  
Desember  
4/2003

- Nýtt lagaumhverfi í fjármálum og verðbréfum
- Kynning á félögum lögfræðinga í ýmsum greinum
- Gróskan í fræðafundunum
- Lögfræðingaboð á LOGOS





# SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

---

## HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á [www.lt.is](http://www.lt.is).

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

## LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, [adgangur@lt.is](mailto:adgangur@lt.is) eða 550-9600.

**L Á N S T R A U S T H F.**

---

# Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími (tel.): 568-5620  
Bréfsími (fax): 568-70567  
Tölvupóstur: (E-mail):  
lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ  
Gunnar Jónsson hrl.,  
formaður  
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,  
varaformaður  
Ólafur Rafnsson hdl.,  
gjaldkeri  
Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,  
ritari  
Ragnheiður Bragadóttir hdl.,  
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:  
Ingimar Ingason  
framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir  
félagsdeild  
Guðný Gísladóttir  
ritari

Blaðið er sent öllum  
félagsmönnum.  
Ársáskrift  
fyrir utanfélagsmenn  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað  
kr. 300 + vsk.  
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:  
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Óflun ehf.,  
sími 533 4440

**4** ÞÓRÐUR BOGASON:  
Frá ritstjórn

**6** Gróskan í fræðafundunum

**10** SMÁRI HILMARSSON:  
Af fóthvötum lögmönnum

**12** GUNNAR JÓNSSON:  
Pistill formanns.

**14** Villibráð

**16** GUÐRÚN BJÖRK BJARNADÓTTIR:  
Lögfræðingaboð á LOGOS

**18** Af Merði lögmanni

**19** EYRÚN INGADÓTTIR:  
Fréttir frá félagsdeild

**20** RÚRIK VALSSON:  
Félag um vátryggingarétt

**22** JÓN FINNBJÖRNSSON:  
Hið íslenska sjóréttarfélag

**23** HRAFNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR:  
Vinnuréttarfélag Íslands

**24** DAÐI BJARNASON:  
Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja

**25** HELGI SIGURÐSSON:  
Lög um fjármálafyrirtæki

**27** JÓHANN PÉTUR HARÐARSON:  
Lagaumhverfi sjóða um sameiginlega fjárfestingu

**29** BJARKI DIEGO:  
Lög um verðbréfavíðskipti

Forsíðumynd: SÍGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórður Bogason hdl.

Ritnefnd: Berglind Svavarsdóttir hdl., Bjarki H. Diego hrl.,  
Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.



## FRÁ RITSTJÓRN

**B**LAÐ lögmanna og undirritaður gætu átt það sameiginlegt að fagna 40 ára afmæli á þessu ári. Svo er þó ekki. Lögmannablaðið er yngra. Það þarf þó ekki að vera betra. Allt er ferugum fært. Þetta varð mér ljóst í sumar.

Lögmenn stóðu fyrst að útgáfu Tímarrits lögfræðinga sem þeir afhentu síðar til Lögfræðingafélags Íslands og er það enn gefið út. Nokkrum árum eftir þetta, eða í nóvember 1963 fyrir réttum fjörtíu árum, kom út Blað lögmanna. Því var ætlað að birta styttri greinar um lögfræðileg málefni, vera vettvangur umræðu um hagsmunamál lögmanna-stéttarinnar og einnig var blaðinu ætlað að flytja afþreyingarefni. Það átti engum lögmanni að vera ofraun eftir langan dag að renna í gegnum blaðið góða. Þessi útgáfa varð ekki mjög langlíf en var svo endurreist þegar Lögmannablaðið hóf göngu sína seint á síðustu öld.

Markmiðin með útgáfu blaðsins eru enn þau sömu og þau voru fyrir fjörtíu árum (sem sannar náttúrulega að fjörtíu ár eru engin aldur). Styttri umfjöllun um lögfræðileg málefni, hagsmuna- og félagsmál og síðan smá léttmeti. Stóri bróðir, þ.e.a.s. Tímarit lögfræðinga, sér um lengri fræðigreinar ásamt hinum síunga Úlfjóti.

Lögmannablaðið er sem sagt rekið m.a. á þeirri hugmynd að í stað þess að

hafa stóra ritstjórnarskrifstofu þá eru lögmenn allir greinarhöfundar. Þeir eru þó ekki sérlega vel meðvitaðir um þessa skyldu sína. Miklu meira mætti vera um innsendar greinar frá lögmönnum. Stutt minnisblöð upp á eina A-4 síðu um lögfræðileg álitaeftni eða sjónarmið sem kollegarnir hefðu gaman eða gott af að lesa og hugsa um.

Fyrir tveimur árum tók undirritaður við embætti ritstjóra blaðsins og hefur ásamt ritstjórn staðið að útgáfu átta tölublaða. Ágætlega hefur gengið að finna efni en án stuðnings skrifstofu LMFÍ væri blaðið í vanda. Byrjaði ritstjórinn á ákalli líkt og hér að framan og nú er það endurtekið í lok ritstjórnarferilsins. Allir sem leitað hefur verið til um efni í blaðið hafa tekið því vel og er það þakkarvert. Eins hefur verið reynt að tengja efni blaðsins við þemu, líkt og framtíð laganáms, og það hefur gefið góða raun. En lögmenn mega samt sem áður ekki gleyma því að blaðið er þeirra vettvangur fyrst og fremst.

Undirritaður og forveri hans sátu tvö ár á ritstjórstóli. Það er heppileg viðmiðun þótt ekki þurfi að vera nein algild regla þar um. Lögmannablaðinu óska ég langlífis og góðra heilla. Samstarfsmönnum í ritnefnd og starfsfólki LMFÍ þakka ég gott og gefandi samstarf.

Gleðileg jóll!

*Þórður Bogason ritstjóri.*

A woman is standing in a park-like setting with trees in the background. She is wearing a long, dark, heavy coat with a fur collar and cuffs, a matching hat, a grey tweed vest, and dark trousers. She is looking off to the side. The background is slightly blurred, showing trees with yellow leaves, suggesting an autumn setting. The overall mood is elegant and sophisticated.

*J*  
**JAKOBS PELSAR**

Skólavörðustíg 2  
S: 5448880

# Gróskan í fræðafundunum

Á haustmánuðum hafa áhugasamir lögfræðingar getað setið á fræðafundum allt að fimm sinnum í viku! Háskólar jafnt sem fag- og áhugamannafélög lögfræðinga hafa boðið upp á fjölda funda og ráðstefna og óhætt er að fullyrða að framboð hefur sjaldan eða aldrei verið meira. Þetta mikla úrval má fyrst og fremst þakka þeirri samkeppni sem er komin milli háskólanna fjögurra sem bjóða upp á laganám í dag. Samkeppnin kemur m.a. fram í viðleitni þeirra til að bjóða upp á eitthvað nýtt og ferskt í fræðunum en tíminn mun svo leiða í ljós hvort lagadeildirnar hafi úthald í að bjóða stöðugt upp á nýtt efni. Það er ekki einungis að gróska sé í fræðafundum heldur hafa aldrei fleiri stundað laganám á Íslandi og fjöldi manns er í framhaldsnámi erlendis. Sem stendur njóta lögfræðingar þessa og geta, eins og fyrr segir, sótt ótal fjölda funda um ýmis áhugaverð efni. Ýmsir hafa haft á orði að það sé orðið tímabært að öll kynning á viðburðum innan lögfræðistettarinnar verði á einni heimasíðu þar sem áhugasamir geta kynnt sér hvað er í boði hverju sinni og jafnvel bókað sig. Sjálfsagt er það bara spurning um tíma hvenær slík heimasíða kemur.

Velta má fyrir sér hvort það sé hlutverk lögfræðideilda háskólanna fjögurra að bjóða upp á efni sem er á jafri þess að falla undir kennslu eða námsefni í laganámi. Eiga deildirnar að halda sig við fræðin eða endurspeglar þjóðfélagsumræðuna? Hverjir eru það sem sækja þessa fundi? Eru það lögmenntaðir eða lögfræðinemar? Lögmannablaðið hafði samband við fulltrúa skólanna og spurðist fyrir um þetta.

## **Aukið framboð kemur með nýjum kennurum**



### **Kolbrún Linda Ísleifsdóttir,**

skrifstofu- og kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands, segir að málstofur á vegum Lagastofnunar hafi verið vikulega í haust á afmörkuðum réttarsviðum.

Á vegum lagadeildar hafa svo verið málstofur sem kallast „Af vettvangi dómstólanna“ og þar eru teknir fyrir nýir hæstaréttardómar sem eru í umræðunni og þykja nýmæli. Auk þess er Stofnun stjórnisýslufræða og stjórn mála mjög öflug og er stundum með fræðafundi sem eru lögfræðilegs eðlis. Ekki má svo gleyma Orator, félagi laganema, sem eru með nokkra fræðafundi á ári.

### ***Eruð þið að bregðast við samkeppni við aðra skóla með svo miklu framboði?***

Í sjálfu sér ekki. Þetta kemur meira með nýjum stjórnendum og kennurum. Til dæmis er hluti af kennslu Bjargar Thorarensen, sem er nýráðinn prófessor við lagadeild HÍ, að hafa opnar málstofur í stjórnskipunarrétti. Þar fær hún lögfræðing og sérfræðinga úr öðrum greinum til að taka þátt í málstofunni og þetta hefur gefist ákaflega vel.

### ***Hverjir eru það sem sækja þessa fundi?***

Laganemar auðvitað eru duglegir að sækja þessa fundi. Svo eru lögmenn og lögfræðingar. Þegar umræðuefni tengjast t.d. Alþingi þá sækja alþingismenn þessa fundi og svo mætti lengi telja. Auðvitað vildum við sjá fleiri lögfræðinga og lögmenn á þessum fundum.

### ***Telur þú að skólarnir eigi að endurspeglar þjóðfélagsumræðuna eða halda sig við fræðin?***

Fræðin eiga að endurspeglast í kennslunni en þjóðfélagsumræðuna tökum við í fyrirlestrum og viðtölum.



Sjálfsagt mæta ekki alltaf margir á morgun-, hádegis-, eða kvöldfundina sem lögfræðingum býðst um þessar mundir. Þessi mynd er tekin á vorþingi LMFÍ 2003.

## Lögfræðin endurspeglar samfélagið



### Ágúst Þór Árnason

hefur haft veg og vanda af metnaðarfullri fundaröð við Háskólann á Akureyri í haust sem nefnist "Lögfræðitorgið". Að sögn Ágústs er þetta mikil breyting á framboði á fræðilegri og almennri umfjöllun um

lögfræðileg og samfélagsleg málefni á landsbyggðinni en stefnt er að því að hafa Lögfræðitorgið á hverjum þriðjudegi meðan kennt er allt til vors.

### *Eruð þið að bregðast við samkeppni við aðra skóla með Lögfræðitorginu?*

Nei, við erum að fara nýjar leiðir. Það er okkar stefna að veita laganemum sem besta sýn á viðfangsefni og eðli lögfræðinnar auk þess sem við viljum geta boðið starfandi lögmönnum og öðrum löglærðum, sem og öllu áhugafólki um lögfræðileg efni, tækifæri til að kynna því sem hæst ber í fræðunum.

### *Hverjir eru það sem sækja þessa fundi?*

Það eru nemendur á fyrsta ári sem fá þarna óvenju djúpa og breiða starfskynningu og viðbót við hefðbundið námsframboð. Bæjarbúar, sérstaklega lögfræðingar og aðrir sem hafa með lagaleg málefni að gera starfs síns vegna, hafa verið að mæta á þessa fundi. Fundarsókn hefur farið fram úr björtustu vonum okkar sem að þessu standa. Það voru t.d. um 60 manns á fyrirlestri Eypórs Þorbergssonar, fulltrúa hjá sýslumanninum á Akureyri, „Afbrot unglunga og uppbyggilegt réttarkerfi.

### *Telur þú að nám í lögfræði eigi að endurspeglar þjóðfélagssumræðuna frekar en nú er?*

Lögfræðin endurspeglar samfélagið og samfélagið lögin þannig að varla verður hjá því komist að nám í lögfræði endurspeglar þjóðfélagssumræðuna að verulegu leyti. Fyrirlestur á Lögfræðitorginu er ætlað að fylla betur út í þá mynd sem nemendur hafa af samfélaginu, gildi lögfræðinnar og tengslum hennar við þjóðfélagið. Ekki er ætlunin að erindi flutt á Lögfræðitorgi fjalli sérstaklega um það sem efst er á baugi hverju sinni þótt slíkt geti að sjálfsögðu gerst. Markmiðið er að veita áheyrendum innsýn í stofnanir samfélagsins, starfsvettvang lögfræðinga og viðfangsefni lögfræðinnar.

## Vikulegar málstofur



**Hólmfríður Sveinsdóttir** er verkefnisstjóri rannsókn- og upplýsingamála hjá Viðskiptaháskólanum á Bifröst en næsta vor útskrifar skólinn fyrstu viðskiptalögfræðingana.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst heldur málstofur í hverri viku þar sem við fáum til okkar fólk hvaðanæva úr þjóðfélaginu. Þessir fundir eru sérstaklega ætlaðir nemendum okkar en eru engu að síður öllum opnir. Við auglýsum þá á heimasíðu skólans en eðli málsins samkvæmt þá skjótast menn ekki hingað upp í Borgarfjörð á hádegisverðarfund! Það er hefur þó færst í aukana að lögfræðingar og lögmenn mæti á málstofur hjá okkur, við höfum orðið vör við það. Skólinn er í stöðugri þróun og ég tel að við eigum eftir að fara meira út í að halda ráðstefnur í framtíðinni sem snerta þjóðfélagsumræðuna.

### *Eiga deildirnar að halda sig við fræðin eða endurspeglu þjóðfélagsumræðuna?*

Skólar eiga fyrst og fremst að endurspeglu fræðin og stöðugt að þróa þau með rannsóknarvinnu. Með málstofunum erum við að fá utanaðkomandi einstaklinga til að endurspeglu þjóðfélagsumræðuna og reynum að sjálfsögðu að gæta jafnræðis í því.



**Landsvirkjun**



**Gutenberg**  
PRENTSMÍÐJA

## Vel sóttir fundir



### **Jóna K. Kristinsdóttir**

deildarfulltrúi við Háskólann í Reykjavík segir að mikið hafi verið af fræðafundum við Háskólann í Reykjavík í haust, þar af hafi verið meðal annars verið haldnar tvær Evrópuráðráðstefnur og sérstök rannsóknarvika.

### *Er mikið framboð fræðafunda hluti af þeirri samkeppni sem er milli háskólanna?*

Fundirnir eru haldnir fræðanna vegna en ekki til að endurspeglu samkeppni. Ráðstefnan í september var haldin af Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, Academy of European Law í Trier í Þýskalandi með stuðningi Utanríkisráðuneytis, Dómsmálaráðuneytis og Samtaka Iðnaðarins. Ráðstefnan 29. október var haldin af Evrópuréttarstofnunni í samstarfi við Fastanefnd Evrópusambandsins í Oslo og Euro Info Center á Íslandi. Eins og sjá má er Háskólinn í miklu samstarfi við ýmsa aðila á sviði Evrópumála og Evrópuréttar og eru ráðstefnurnar iðulega haldnar í samtarfi við þessa aðila.

### *Hverjir eru það sem sækja þessa fundi?*

„Fundir Lögréttu, sem er félag laganemanna, eru aðallega sóttir af laganemum. Síðan voru það fyrst og fremst lögfræðingar og starfsmenn stjórnarsýslunnar sem sóttu Evrópuráðstefnurnar sem við héldum í september og október. Helmingur ráðstefnugestanna í september voru erlendir starfsmenn Evrópusambandsins, diplómatar og starfsmenn stjórnarsýslu hinna nýju aðildarríkja ESB í Austur Evrópu. Rannsóknarvikan var opin og auglýst fyrir almenning og þar komu lögfræðingar og áhugafólk um stjórnskipunarrétt og skaðabótarétt og svo mætti lengi telja. Við erum mjög ánægð með hve vel hefur tekist til með fundi fundina sem hafa verið vel sóttir.“

### *Telur þú að skólarnir eigi að endurspeglu þjóðfélagsumræðuna eða halda sig við fræðin?*

Skólarnir eiga ekki að „endurspeglu“ umræðurnar í þjóðfélaginu um lögfræðileg málefni. Þeir, eða öllu heldur kennararnir, eiga hins vegar að vera virkir þátttakendur í henni og móta hana ef vel tekst til fremur en að endurspeglu hana. Tilgangurinn á að vera sá að tryggja að lögfræðileg sjónarmið séu kynnt almenningi, þegar um slík mál ræðir.



## Reykjavík

Lögfræðiskrifstofa Gunnars I. Hafsteinssonar hdl.  
Hafnarhvoli/Tryggvagötu

Páll Skúlason hdl.  
Hafnarstræti 18

Róbert Árni Hreiðarsson hdl.  
Hafnarstræti 20

Lögfræðistofa Þuríðar Halldórsdóttir hdl.  
Hverfisgötu 105

Ragnar Aðalsteinsson -Sigríður Júlíusd.  
Lögmenn ehf – Klapparstíg 25-27

Lögmenn Klapparstíg  
Klapparstíg 29

Lögfræðistofa Gunnars Sæmundssonar hrl.  
Laugavegi 18

Lögmennskrifstofan Fortis ehf.  
Laugavegi 7

Lögmenn við Austurvöll

Gísli B. Garðarss  
Pósthússtræti 13

Lögmál ehf.  
Skólavörðustíg 12

Löggarður hf.  
Kringlunni 7, 7. hæð

Jón Egilsson lögmannsstofa  
Knarrarvogi 4

Lex ehf.  
Sundagörðum 2

Lögmenn Borgartúni  
Borgartúni 18

Hrafnkell Ásgeirsson hrl.  
Kleppsvegi 46

Ásgeir Magnússon hrl. - Lögmannsstofa  
Skiptiholti 50b

Ágúst Sindri Karlsson hdl.  
Skiptiholti 50d

Landwell  
Skógarhlíð 12

Taxis lögmenn ehf  
Suðurlandsbraut 4

Juralis ehf  
Sveinn Guðmundsson hdl.

Hallvarður Einvarðsson hrl.  
Faxafeni 5

## *Gleðileg jólar – gott og farsælt komandi ár*

Sigurjónsson & Thor ehf.  
Magnús H. Magnússon hrl. og

Valborg Kjartansdóttir hdl.  
Skólavörðustíg 16

Lögmenn Skólavörðustíg 6b sf.  
Jón Steinar Gunnlaugsson  
Skólavörðustíg 6b

Lögfræðistofa Jóhanns Baldurssonar ehf.  
Skúlagötu 17

Lögmenn Jón Ö. Ingólfsson hrl.  
Skúlagötu 30

Lögmannsstofa Björgvins Þorsteinssonar hrl.  
Tjarnargötu 4

Landslög lögfræðistofa  
Tryggvagötu 11

LOGOS lögmannsþjónustan  
Gunnar Sturluson/Sigríður Þorgeirsdóttir  
Efstaleiti 5

LPO - Lögmannsstofa Páls Ólafssonar hdl.  
Kringlunni 7

Lögfræðistofa Ólafs Gústafssonar hrl.  
Kringlunni 7

Lögfræðiþjónustan sf. Húsi verslunarinnar  
2. hæð – Kringlunni 7

LÖGMENN ÁRNASON  
Grensásvegi 8

JP Lögmenn ehf.  
Lágmúla 5

Lögmannsstofa Rúnars S. Gíslasonar hdl.  
Lágmúla 5

B&B lögmenn  
Lágmúla 7

Lagastoð hf.  
Lágmúla 7

Lögmannsstofa Marteins Mátssonar ehf.  
Lágmúla 7, 6. hæð

Lögmenn Mörkinni sf.  
Mörkinni 1

Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.  
Mörkinni 3

Lögmannsstofan Skeifunni  
Margrét Vala Kristjánsdóttir hdl.

Ragnheiður Bragadóttir hdl.  
Hjördís Harðardóttir hdl.

Oddný Mjöll Arnardóttir hdl.

Steinunn Guðbjörnsdóttir hdl.

Kristín Briem hrl.  
Skeifunni 11



Knattspyrnumótið LMFÍ utanhúss haustið 2003 fór fram í blíðskaparveðri í Laugardalnum. Lögmenn nutu þess að teygja úr stírdum limum, valhoppa, taka spretti, sparka lauslega í andstæðingana og elta knöttinn fimlega en ungmennafélagsandinn sveif yfir vötum sem endranær á svona stundum.

# Af fóthvötum lögmönnum

Hið árlega knattspyrnumót utanhúss fór fram föstudaginn 3. október 2003 í blíðskaparveðri. Samkvæmt venju og góðu fordæmi var ákveðið að lögjafna mótstaðnum við mótstaði undanfarinna ára, þannig að gervigrasið í Laugardal varð fyrir valinu níunda árið í röð.

**T**IL leiks mættu 5 lið, hvert öðru fagurlimaðra. Þó skal viðurkennt að „bleiku bolanna“ frá síðasta ári var sárt saknað en vonandi lætur Vala Valtýs ekki sitt eftir liggja og mætir til leiks að ári með sitt frábæra lið.

Að venju öttu kappi allir við alla og í lokin stóð Grínarafélagið án Markarinnar uppi sem sigurvegari enn eitt árið.....*nei, nei, afsakið, þetta er orðið að vana enda sigurlíð undanfarinna þriggja ára.....* Það var lið Reynslu og léttleika sem sigraði þetta árið.

Lið Reynslu og léttleika var öðrum liðum fremra og vann alla sína fjóra leiki, skoraði 24 mörk en hirti knöttinn fjórum sinnum úr möskvum sínum.

Lið Grínarafélagsins án Markarinnar hreppti annað sætið, sigraði tvo leiki og tap-

aði hinum tveimur. Ljóst er að liðið saknaði Gunnars Jónssonar markvarðar sárlega og því fór sem fór. Hann var staddur erlendis og ekki náðist að fljúga með hann heim fyrir mótið.

Lið LA-LAW og LOGOS innbyrtu bæði einn sigur og eitt jafntefli, en lutu tvisvar í gras. Markatala LOGOS var betri og hrepptu þeir því þriðja sætið. Kom því fjórða sætið í hlut LA-LAW.

Restina rak lið Fulltingis sem ekki stóð undir nafni í þetta sinn, liðið gerði tvö jafntefli og laut tvisvar í gervigras. Ljóst er að piltarnir þarfnast meiri og

betri þjálfunar en vonandi verður búið að bæta úr því fyrir næsta mót.

Innanhúsmótið verður að venju haldið í byrjun maí n.k. og er það í 10 skiptið sem

## Lesendum til glöggvunar er skilgreining Íslenskrar orðabókar á knattspyrnu þessi:

knatt·spyrna KVK ÍÐR. • knattleikur þar sem tvö lið reyna að sparka leðurklæddum knetti (69-71 cm ummáls, 397-453 g að þyngd) í mark hvort hjá öðru á velli 91,5 til 119 x 46 til 91,5 m (í milliríkjakeppni 101 til 110 x 64 til 73 m) stórum, fótbolti (2)

Heimild: Íslensk orðabók. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt, bls 793.



Að lokum sveif ungmennafélags-  
andinn í burtu og menn brögðuðu  
á gylltum mjöði að hætti  
formanna. Ekki er gott að segja  
hvort þessir kappar hafi verið að  
kveða rímur um Gunnar á  
Hlíðarenda en hver veit! F.v.  
Smári Hilmarsson, Tómas Jónsson,  
Jóhannes Albert Sævarsson og  
Stefán Hrafn Stefánsson.

mótið er haldið. Er von til þess að mótið verði  
veglegt afmælistót þar sem dómstólum  
landsins mun sérstaklega boðið til leiks.  
Einnig hefur framkvæmdastjóri LMFÍ hug á  
því að auglýsa mótið meðal kollega á Norður-  
löndum en framkvæmdastjórinn mun vinna

ötullega að markaðssetningu mótsins meðal  
norrænna kollega sinna. Er því aldrei að vita  
nema hingað komi norræn knattspyrnulið til  
leiks!

*Smári Hilmarsson*



Sigursælt lið Reynslu  
og léttleika með bikar  
í hendi og gull á  
bringu. Efri röð f.v.:  
Grétar Jónasson,  
Bjarki Diegó, Anton  
Björn Markússon, Jón  
Steinar Gunnlaugsson  
og Karl Ó. Karlsson.  
Neðri röð f.v. Sigurður  
Valgeir Guðjónsson,  
Jóhannes Bjarni  
Björnsson, Gylfi Jens  
Gylfason og Jón  
Ármann Guðjónsson.

## PISTILL FORMANNS:

ÉG er viss um að fleirum er farið eins og mér, að hafa oft í hneykslunartón rætt um „yfirgripsmikla vanþekkingu“ fréttamanna í umfjöllun um lögfræðileg málefni. Því er áreiðanlega eins farið með aðrar stéttir sérfræðinga, þær fárast yfir umfjöllun um eigið sérsvið. Þessi gagnrýni er oft réttmæt, en kannski er stundum nokkur hrokablær á henni. Það verður vart til þess ætlast að fréttamenn lítilla íslenskra fjölmiðla hafi djúpa þekkingu á hverju því sviði sem þeir fjalla um. Sennilega er ekki sanngjarnt að krefjast annars en þeir leggi sig fram og láti ekkert frá sér fara nema þeir telji sig skilja það.

Lögmannafélagið ákvað að leggja sitt af Lmörkum til þess að gera opinbera umræðu um lögfræðileg málefni upplýstari. Í samstarfi við Blaðamannafélag Íslands, var fjölmiðlum boðið að senda starfsmenn á hálf dags námskeið undir yfirskriftinni „Námskeið um lögfræði fyrir fjölmiðlafólk.“ Viðtökur fóru fram úr björtustu vonum og verður í raun að segjast að blaðamennirnir gerðu lögmonnum skömm til, sé litið til aðsóknar félagsmanna á ýmis námskeið sem þeim hafa staðið til boða. Á námskeiðinu var gerð örlítill grein fyrir lögmannafélaginu, en aðaláherslan lögð á umfjöllun um þau svið lögfræðinnar sem hvað mest eru til umfjöllunar í fjölmiðlum. Lögfræði sem varðar fjármála-markaðinn, stjórnsýslu og dómsmál í víðum skilningi. Ástráður Haraldsson, Róbert Spanó, Sif Konráðsdóttir og Þórólfur Jónsson sáu um kennsluna og kann LMFÍ þeim bestu þakkar fyrir það.

Blaðamennirnir verða vitaskuld ekki fullnuma í lögfræði á stuttu námskeiði sem getur vart snúist um annað en helstu hugtök. Vonandi fóru þeir þó upplýstari af námskeiðinu en þeir komu til þess, sem var markmið félagsins. Þá skaðaði heldur ekki að einhverjir þátttakenda hefðu farið af námskeiði með jákvæðara hugarfari gagnvart LMFÍ en áður.

Vikið var að auknu vægi ýmiskonar reglna og boða, sem stafa frá stofnunum Evrópusambandsins, í síðasta pistli. Á þeim vettvangi gerist ýmislegt sem snertir lögmennt og starfsumhverfi þeirra með beinum hætti. Lögmannafélagið hefur enga burði til þess að fylgjast með öllu sem þar gerist, hvað þá veita andsvör þegar við á. Sem betur fer erum við ekki ein á báti. Sú heilladrjúga ákvörðun var tekin af LMFÍ fyrir tæpum áratug að ganga í ráð lögmannafélaga í Evrópusambandinu, CCBE.



**Gunnar Jónsson**

hrl.

CCBE var stofnað árið 1960. Lögmannafélög allra landa Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, alls 18 landa, eiga aðild að samtökunum. Þá eiga lögmannafélög 15 annarra Evrópulanda aukaaðild að þeim, þ.m.t. allra landanna sem hafa tekið ákvörðun um að ganga í Evrópusambandið. Samtökin eru því í forsvari fyrir meira en hálfa milljón lögmanna og hafa rödd sem heyrir og hlustað er á.

Markmið samtakanna er m.a. að vera sameiginlegur vettvangur lögmannafélaga til þess að hafa áhrif á reglur, sem settar eru um störf lögmanna og kunna að hafa áhrif á réttindi umbjóðenda þeirra. Þessu hlutverki sínu gegnir CCBE m.a. með nánú sambandi við helstu stofnanir Evrópusambandsins eins og Evrópuráðið, Evrópuþingið, Evrópudómstólinn og Mannréttindadómstól Evrópu. Hjá samtökunum er tíu manna starfslíð með aðsetur í Brüssel. Megnið af vinnunni fer þó fram í sjálfboðastarfi innan fjölda fastanefnda um einstök málefni, sem hittast reglulega. Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum hinna ýmsu lögmannafélaga og starfslíð samtakanna er þeim til aðstoðar í sínum störfum.

Það er gott til þess að vita, að CCBE gæti hagsmuna LMFÍ og umbjóðenda félagsmanna þegar reglurnar verða til í svo mikilli fjarlægð sem raun ber vitni. Það setur LMFÍ hins vegar einnig þær skyldur á herðar að taka nokkurn þátt í starfinu, kannski meiri en verið hefur. Þátttaka LMFÍ hefur annars vegar verið fólgin í því að svara alls kyns erindum og könnunum,

sem CCBE vinnur til þess að stilla saman strengi aðildarfélaganna og hins vegar því að senda fulltrúa á allsherjarfundi tvisvar á ári. Hverju félagi ber að senda fulltrúa á slíka fundi og „sendinefndir“ eru frá því að vera einn fulltrúi (Ísland og Liechtenstein) og upp í tíu fulltrúa frá t.d. Ítalíu. Allsherjarfundirnir snúast að mestu um skýrslugjöf einstakra fastanefnda og eftir atvikum afgreiðslu tillagna, sem frá nefndunum koma.

Systurfélög LMFÍ annarstaðar á Norðurlöndunum taka mikinn þátt í starfi CCBE. Má t.d. nefna að forseti samtakanna í ár er Norðmaður.

Við höfum í nokkru fengið að njóta ávaxtanna af starfi þessara frændþjóða okkar, sem í mörgu öðru. Þá er um það rætt með fulltrúum félaga þessara þjóða, að vinna enn nánar saman innan CCBE. Ég er sannfærður um að það yrði LMFÍ til heilla.

Lögmannafélagið sendir lögmonnum og Laðstandendum þeirra kærar kveðjur um *gleðileg jól og farsælt komandi ár.*

## Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefköng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

### Ný málflytningaréttindi fyrir Héraðsdómi.

#### Árni Haraldsson hdl.

Lögmannsstofa Jóns Ingvars Pálssonar, hdl.  
Barðastaðir 7  
112 Reykjavík  
S: 552-8844  
Fax: 552-8844

#### Bjarni Eiríksson hdl.

Lögmannsstofa Bjarna Eiríkssonar ehf.  
Lágmúli 7  
108 Reykjavík  
S: 581-1105  
Fax: 581-1170

#### Íris Arna Jóhannsdóttir hdl.

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.  
Ármúla 13a  
108 Reykjavík  
S: 540-5115  
Fax: 540-5001

#### Jónas Þór Jónsson hdl.

Lögmenn Borgartúni 18 sf.  
Borgartúni 18  
105 Reykjavík  
S: 562-9066  
Fax: 562-9096

#### Sigbrúður Þorfinnsdóttir hdl.

Eignamiðlun ehf.  
Síðumúla 21  
108 Reykjavík  
S: 588-9090  
Fax: 588-9095

### Endurútfegin málflytningaréttindi fyrir Héraðsdómi.

#### Jóhann Tómas Sigurðsson hdl.

Sparisjóðabanki Íslands hf.  
Rauðarárstígur 27  
105 Reykjavík  
S: 540-4000  
Fax: 540-4001

### Nýtt aðsetur:

#### Ágúst Sindri Karlsson hdl.

Lögmenn.is ehf.  
Skipholtí 50d  
105 Reykjavík  
S: 511-3470  
Fax: 511-3410

#### Guðmundur St. Ragnarsson hdl.

Lögstofan ehf.  
Hlíðasmári 17  
201 Kópavogur  
S: 511-3400  
Fax: 511-3410

#### Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.

Lögver ehf.  
Mörkinni 3  
108 Reykjavík  
S: 545-4100  
Fax: 545-4101

### Nýr vinnustaður:

#### Bryndís Kristjánsdóttir hdl.

Taxis lögmenn ehf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
S: 555-6058  
Fax: 555-6045

#### Gylfi Birgisson hdl.

Lögheimtan ehf.  
Laugavegi 99  
101 Reykjavík  
S: 545-0500  
Fax: 545-0501

#### Helga Björk Laxdal hdl.

Skipulagsdeild Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík  
S: 563-2600  
Fax: 566-2605

#### Hjörleifur B. Kvaran hrl.

Orkuveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1  
S: 516-6000  
Fax: 516-6709

#### Pétur Örn Sverrisson hdl.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið  
Amarhváli  
150 Reykjavík  
S: 545-8500  
Fax: 562-1289

#### Sigríður Laufey Jónsdóttir hdl.

Lögheimtan ehf.  
Laugavegi 99  
101 Reykjavík  
S: 545-0500  
Fax: 545-0501

#### Vilhjálmur Bergs hdl.

Fasteignajafing ehf.  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík  
S: 585-0600  
Fax: 585-0606

#### Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Embætti borgarlögmans  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík  
S: 563-2057  
Fax: 563-2029

#### Þórður Ólafur Þórðarson hdl.

Kaupþing Búnaðarbanki hf.  
Ármúla 13  
108 Reykjavík  
S: 515-1500  
Fax: 525-6189

**P**ANN 19. nóvember sl. stóð félagsdeild LMFÍ fyrir villibráðarnám-skeiði og fékk meistarakokkinn Úlfar Finnbjörnsson til að kenna. Þátttakendur voru upplýstir um leyndarmálin við eldun fasana, gæsaliffrarmousse, Goose (skoska rjúpu), reykta lunda, reykta hreindýrarúllu, heitreyktan svartfugl, grafna gæs ásamt hugmyndum um meðlæti og sósur. Myndirnar tala sínu máli en með góðfúslegu leyfi kokksins fylgja með uppskriftir af gómsætum forrétti, salati og villisveppasósu sem passar með öllum steikum.

Dögg Pálsdóttir að veiða akurhænu úr pottinum.



Gott meðlæti með villibráð skiptir miklu máli og því voru útbúnar sósur og salöt. Hér sjást Ólafur Haraldsson og Aðalsteinn E. Jónasson önnum kafnir við sósugetið.



Það er stundum sagt að góðir kokkar séu göldróttir. Á þessari mynd er eins og Úlfar sé að fara með galdrapulu yfir pottunum en víst er að þetta var svolítið magnað námskeið!



Jónína Jónasdóttir hrærir í dýrlegri villisveppasósu á meðan Ragnar H. Hall punktar hjá sér samviskusamlega.

### FORRÉTTUR:

#### Reyktur lundi með mangó og furuhnetum

Bringur af 4 reykta lundum – skornar í litla teninga  
1 mangó – skrælt, steinlaus og skorið í teninga  
2 msk. furuhnetur

#### Sósa:

2 msk. Ostru-sojasósa  
2 msk. tómatsósa  
2 msk. sætt sinnep  
1 msk. ferskt engifer  
1/2 ferskur chilli pipar  
2 hvítlauksgeirar

Einbeittir nemendur, fylgjast með og skrifa athugasemdir í uppskriftabókina. F.v. Erla S. Árnadóttir, Vífill Harðarson, Margrét Geirsdóttir, Dögg Pálsdóttir, Jónína Jónasdóttir og Úlfar Finnbjörnsson.

### VILLISVEPPASÓSA

200 gr. blandaðir villisveppir  
1 msk. smjör  
salt og pipar  
1 dl. púrtvín  
1/2 dl. koníak  
6 dl. rjómi  
50 gr. rúsínur  
50 gr. ristaðar furuhnetur  
nautakjötskraftur frá Oscar  
sósujafnari (ljós)

Steikið sveppina í smjörinu og kryddið. Blandið víninu saman við og sjóðið það niður í síróp. Blandið svo rjóma, rúsínunum, furuhnetum og nautakjötskrafti saman við og þykkið með sósujafnara.

### BROKKOLÍ SALAT

2 bollar mjög fint saxað brokkolí  
1 bolli fint saxaður rauðlaukur  
3 msk. rúsínur  
2 dl. sýrður rjómi  
1 msk. sítrónusafi  
1/2 tsk. salt  
1 tsk. sykur  
1 tsk. ljóst edik

Öllu blandað vel saman.

1 tsk. rósapipar  
1 tsk. kóriander  
1/2 tsk. paprikuduft  
1/2 tsk. karrý  
2 msk. Balsamikedik  
2 msk. hunang  
2 msk. Sherry (má sleppa)  
2 dl. olía

Allt nema olían sett í matvinnsluvél og maukað vel. Hellið olíunni í mjörri bunu í matvinnsluvélina og blandið vel saman.

Blandið saman lundanum, mangóinu, furuhnetunum og sósunni og berið saman með blönduðu salati og góð brauði

(Athugið að sósan passar einnig vel sem grillsósa eða til að pensla kjöt fyrir steikingu).



Að lokum settust þátttakendur að veisluborði ásamt kokkinum sem á engin leyndarmál í eldhúsinu. F.v. Jónína Jónasdóttir, Dögg Pálsdóttir, Ólafur Eiríksson, Ragnar H. Hall, Úlfar Finnbjörnsson, Erla S. Árnadóttir, Einar Sigurjónsson, Aðalsteinn Jónasson og Vífill Harðarson.

Þann 24. október sl. komu yfir 100 konur saman í húsakynnum LOGOS lögmannsþjónustu til að gera sér glaðan dag og skála í freyðivíni.

Var teitið í boði þeirra níu kvenna sem starfa sem lögfræðingar hjá LOGOS og A&P Árnason, eða þeirra Ernu Hjaltsted, Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur, Guðrúnar Birgisdóttur, Helgu Melkorku Óttarsdóttur, Hjördísar Halldórsdóttur, Lovísu Jónsdóttur, Sophie Romaniello, Sigríðar Þorgeirsdóttur og Svanhvítar Axelsdóttur.

## Lögfræðingaboð á LOGOS

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

ÞAÐ var skemmtileg tilviljun að boðið bar upp á sama dag og 28 ára afmæli kvennafrídagsins en um leið markaði þessi dagur upphaf svokallaðar „femínistavíku“ þar sem konur voru m.a. hvattar til að sækja um launahækkun.

Konurnar í boðinu áttu það sameiginlegt að vera allar lögfræðingar og þekkja eitthvað til þeirra kvenna sem að boðinu stóðu. Voru konurnar á öllum aldri, allt frá nýútskrifuðum lög-

fræðingum (einstaka laganemi slæddist líka með) og til virðulegra hæstaréttardómara og héraðsdómara á eftirlaunum. Var gaman að sjá svo mikinn fjölda íslenskra kvenlögfræðinga úr svo mörgum áttum saman kominn á einum stað. Á svipuðum tíma í fyrra var haldið samskonar boð sem þótti heppnast svo vel að ákveðið var að endurtaka leikinn í ár. Höfðu sumir á orði að nú væri þetta orðin hefð og því spurning hvort að von sé á enn einu boði að ári liðnu?

Í upphafi var boðið hugsað sem huggulegt kampavínsboð þar sem hver og ein okkar, sem starfa hjá LOGOS og A&P Árnason, myndi bjóða sínum vinkonum úr lögfræðistéttinni. Fljótlega kom þó í ljós að áhuginn á boðinu var svo mikill að ákveðið var að útvíkka hópinn. Í ár var enn fleiri konum boðið í veisluna og tæplega 200 boðskort send út á rafrænu formi. Í ljós kom ýmsar netþjónustur skilgreindu boðskortið væntanlega sem ruslpóst. Þannig gekk t.d. illa að koma boðskortum til þeirra kvenna sem störfuðu hjá

stjórnarráðinu. Til að halda kostnaði í lágmarki voru allar veitingar í boðinu (þ.e.a.s. aðrar en þær sem voru fljótandi) heimagerðar af gestgjöfunum og voru þeim gerð góð skil. Einnhverjar konur notuðu síðan tækifærið og héldu gleðinni áfram á veitingastöðum og börum borgarinnar. Við sem að boðinu stóðum viljum þakka öllum þeim konum sem sáu sér fært að mæta kærlega fyrir komuna.



Sigríður Þorgeirsdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir.



Heiðrún Jónsdóttir og Unnur Sigurðardóttir í góðum gir.





Talið frá vinstri: Sif Konráðsdóttir, Eva Bryndís Helgadóttir, Erna Hjaltested, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Auður Guðmundsdóttir og Kristín Edwald.

Gestgjafarnir voru lögfræðingar á LOGOS og veitingarnar heimagerðar. Talið frá hægri: Guðrún Björk Bjarnadóttir, Hjördís Halldórsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir, Lovísa Jónsdóttir, Svanhvít Axelsdóttir, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Erna Hjaltested og Sophie Romanielle. Á myndina vantar Guðrúnu Birgisdóttur.



## Af Merði lögmanni

Mörður gekk út úr dómshúsinu. Var það málið, var það hann eða var það kannski dómariinn? Það er erfitt að vera í þessari stöðu sem lögmaðurinn er í, það að eiga ekki síðasta orðið hugsaði Mörður. Sérstaklega þegar maður er búinn að tapa máli og Merði fannst eins að það kæmi óþarflega oft fyrir hann. Hvað mundi nú gerast ef Mörður kæmi sínum sjónarmiðum, ja, altso umbjóðandans, á framfæri utan dómssala? Í þessu sambandi leiddi Mörður hugann að fjölmiðlum. Margir kollegarnir lögðu mikið uppúr því að láta ljós sitt skína í þeim hugsaði Mörður en hann hafði aldrei rekið mál þar og alltaf talið það sér til tekna.

Merði er yfirleitt skemmt þegar hann fylgist með oft farsakenndum og jafnvel á tíðum grátbroslegum uppkomum í þjóðfélaginu sem fjölmiðlamenn gera skil. Jafnvel þótt honum hafi alltaf fundist þeir gera töluvert meira úr eigin ágæti og mikilvægi en fni og ástæður standa til. Innblásnir og upptjúnaðir af eigin ágæti, af sjálfstæði og mikilvægi stéttar sinnar, sem þeir nefna oft fjórða valdið á árs hátíðum, höfðu þeir nú samt skyndilega áhyggjur af því hvaðan hýran kæmi næstu mánaðarmót og hver áhrif þess hugsanlega yrðu á sitt sjálfskipaða mikilvægi og ágæti ef fjölmiðlamógúlar væru að rísa upp hér á landi.

„Segðu satt og rétt frá drengur“ er setning, eignuð skörulegum lögmanni hér í bæ, setning sem Mörður þreytist seint á að nota. Það er líka setning sem kona Marðar er löngu orðin þreytt á að heyra. Mörður hefur í áraradír haft þann vana að hvæsa á sjónvarpið þegar hann horfir á fréttir og viðtalsþætti, hvæs sem sprottið er af framkomu og fasi og aðallega málf lutningi, eða oftast málf lutningsskorti þess fólks sem tíðast er í viðtækinu, fréttafólks, en öðru hvoru var það nú vegna málf lutnings stjórnmalamanna viðurkenndi Mörður fyrir sér.

Mörður velti því fyrir sér hvort fjölmiðlafælni og gagnrýni hans mætti rekja til þess að hann er hógvær maður mjög. Þó svo að hann hafi gengið í eina almennilega menntaskóla landsins og síðar stundað nám við þá deild háskólans, þess eina sem um þarf að geta, sem af öðrum ber, og eftir útskrift nú lengstum tilheyrta úrvals liði þeirrar stéttar sem þaðan kemur, þrátt fyrir þetta allt hefur Mörður aldrei slegið sér á brjóst, mært sig og sína stétt eða talið hana öðrum fremri að siðferðisþreki eða mikilvægi heldur komið fram af þeirri hógværð og lítillæti sem einkennir stétt lögmanna alla..... eða hvað?

Tveir barnungir frændur Marðar eru löglærðir fulltrúar, á einni af þessum stóru og gljáfægðu lögfræðistofum sem bera eitthvað latínunafn. Merði líkar vel við þessa frændur sína sem merkjanlega hafa frá því þeir komust til vits og ára litið upp til Marðar og hans starfa. Mörður vill þeim frændum allt hið besta og gladdist því þegar fína latínustofan ákvað að fjármagna hið nú lögbundna inntökufæri fulltrúanna inn í stétt lögmanna. Það sem í því ferli fólst líkaði frændunum víst misvel að sögn, þóttust jafnvel þekkja og kunna stærstan hluta þess sem þar fór fram. Mörður hefur yfirleitt talið að það sem er þess virði að segja einu sinni megi eins vel segja tvisvar og jafnvel oft. Mörður hefur einnig rekið sig á það að suma hluti dugar ekki að segja einu sinni heldur verður að endurtaka þá. Það hvarflar að Merði þegar honum verður hugsað til klósettsetunnar á baðherbergi þeirra hjóna að jafnvel sífjelldar endurtekningar dugi ekki til. Eitt merkti þó Mörður í fasi frænnda sinna, fulltrúanna, þegar þeir námu fræði lögmanna og síðar innvígðust í stétt þeirra, en það var hversu vel þeir virtust meðtaka og tileinka sér í orði og á borði það sem þar kom fram um hið mikla og merkilega hlutverk lögmanna stéttarinnar í samfélagi manna. Fas þessara áður hógværðu og lítillátu ungmenna, sem áður höfðu jafnan setið full aðdáunar og eftirvæntingar er Mörður útskýrði og rakti í smáatriðum frækilega framkomu sína í snerru sem hann átti við lögmann þola í síðasta fjárnámi eða snilldarlegan snúning á fulltrúa fyrsta veðréttar á síðasta uppboði, tók umtalsverðum breytingum við þá fræðslu sem fengin hafði verið. Nú er svo komið að Mörður situr eftir ásamt yngsta fjölskyldumeðlimnum, fjögurra ára, þegar sagan er öll.

Mörður er kominn til sýslumanns vegna fjárnámsfyrirtöku. Nú jæja, hugsar Mörður, þar fóru tveir síðustu áheyrendurnir og nú fer í hönd hin árlega fjölskylduboaðavertíð....þá er bara að eta og drekka meira.....nú svo er það þessi fjögurra ára, það er víst aldrei of snemmt, því það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

## Fréttir frá félagsdeild



Þátttakendur á námskeiði í lögfræði fyrir fjölmiðlafólk komu af flestum fjölmiðlum landsins.

### Fréttir frá félagsdeild

Þetta ár sem senn er á enda hefur verið gott fyrir félagsdeild LMFÍ og hún hefur fest sig enn frekar í sessi. Það sést m.a. á því að fjöldi lögmanna sem hefur skráð sig í deildina er talsvert meiri en á síðasta ári en félagsmenn fá afslátt af námskeiðum og LÖGMANNALISTANUM auk afsláttar hjá fyrirtækjum úti í bæ. LÖGMANNALISTINN, þar sem almenningur getur leitað að lögmanni eftir málaflokki, er mjög þarfur en lögmenn þurfa að skrá sig sérstaklega á hann. Til að athuga skráningu er mönnum bent á að fletta upp á sjálfum sér á heimasíðu félagsins og ef þeir eru skráðir með málaflokka er skráning í lagi. LÖGMANNALISTINN er sennilega ódýrasta auglýsing sem hægt er að fá fyrir lögmenn. Nú er verið að þýða málaflokkaskrána á sex önnur tungumál þannig að auk ensku og dönsku verður hægt að finna lögmenn á spænsku, þýsku, frönsku, tælensku, serbó-kroátísku og pólsku.

### Haustnámskeið

Námskeið haustannar urðu alls ellefu og voru sótt af 130 manns. Fimm þeirra voru af fræðilegum toga fyrir lögmenn. Fjögur snéru að almennri færni og voru einnig auglýst fyrir starfsmenn lögmannastofa. Þar má t.d. nefna tölvunámskeið en námskeið í upplýsingaleit á internetinu var auglýst bæði fyrir lögmenn og starfsmenn þeirra en tilgangur þess var að kenna þátttakendum að nota Karnov, Ufr, vef Alþingis, EES-vefinn og CELEX. Bókasafn LMFÍ hefur keypt aðgang að Karnov og Ufr á netinu en verið er að íhuga að kaupa aðgang að CELEX sem er lagagagnagrunnur Evrópusambandsins. Það verður sífellt mikilvægara fyrir lögmenn að



**Eyrún Ingadóttir**

kunna leita sér upplýsinga á sem fljótvirkastan hátt og félagið reynir að koma til móts við þessar þarfir félagsmanna sinna. Auk þessa var haldið sérstakt 6 klukkustunda enskunámskeið fyrir starfsfólk lögmannastofa sem var haldið í tvennu lagi vegna góðrar aðsóknar. Erlendína Kristjánsson lögfræðingur og enskukennari kenndi á námskeiðinu en verið er að huga að framhaldi á vorönn auk námskeiðs fyrir lögmenn. Þegar líða tók að jölum var haldið villibraðarnámskeið þar sem Úlfar Finnbjörnsson kenndi en því námskeiði eru gerð nánari skil á öðrum stað í blaðinu.

Síðasta námskeið haustannar var haldið fyrir blaða- og fréttamenn um hugtök lögfræðinnar. Þórólfur Jónsson hjá LOGOS kenndi um fjármálamarkaðinn, Róbert Spanó hjá Umboðsmanni Alþingis kenndi um stjórnásluna og Ástráður Haraldsson og Sif Konráðsdóttir hjá Mandat sáu um dómsmál. Það væru miklar ýkjur að segja að þeir 20 fjölmiðlamenn sem mættu hefðu verið útlærðir eftir þessa þriggja klukkustunda kennslu í lögfræði en þeir urðu einhvers vísari og voru duglegir að spyrja kennarana. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Blaðamannafélag Íslands sem hefur lýst yfir áhuga að hafa það aftur að ári. Áhugi er fyrir að halda fjölmiðlanámskeið fyrir lögmenn á vorönn.

Félagsdeild óskar lögmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári.

Ástráður Haraldsson var einn af kennurum á fjölmiðlanámskeiðinu.



# Félag um vátryggingarétt

FÉLAG um vátryggingarétt var stofnað á fundi í Lögbergi í Reykjavík 14. mars 2001. Stofnfundinn sóttu tíu lögfræðingar en auk þeirra óskuðu nokkrir sem ekki gátu sótt fundinn eftir að gerast stofnfélagar. Sá hópur taldi 17 manns og því eru stofnendur alls 27. Þeirra á meðal voru tveir tryggingafræðingar og einn laganemi. Hinir eru lögfræðingar.

Félaginu voru settar samþykktir á stofnfundi en samkvæmt þeim er tilgangur félagsins:

- að vera deild í alþjóðlega félaginu Association Internationale Du Droit Des Assurances (AIDA),
- að stuðla að kynningu og framþróun vátryggingaréttar,
- að efla samskipti á milli lögfræðinga sem starfa að vátryggingamálum,
- að stuðla að útgáfu efnis á sviði vátryggingaréttar og tengdra efna.

Allir þeir sem lokið hafa embættisprófi í lögfræði geta orðið félagsmenn svo og laganemar. Félagsmenn geta einnig orðið þeir sem með störfum sínum hafa að mati stjórnar félagsins sýnt fram á þekkingu sína á sviði vátryggingaréttar. Vátryggingafélög, lögmannsstofur og firmu vátryggingamiðlara geta gerst félagar. Ennfremur opinberar stofnanir og félagasamtök sem tengjast vátryggingum.

Á aðalfundi 21. maí 2002 var samþykkt að óska eftir að félagið fengi inngöngu í Alþjóðasamband um vátryggingarétt (AIDA).

## Aðdragandi að stofnun félagsins.

Sú hugmynd að stofna félag á sviði vátryggingaréttar hafði komið upp nokkrum sinnum en komst á skrið þegar íslenskir lögfræðingar tóku þátt í ráðstefnu norrænna aðildarfélaga árið 1998 í Osló og komust þar í kynni við formann danska félagsins um vátryggingarétt og þáverandi forseta AIDA, Mikael Rosenmejer, sem nefndi þá hug-



**Rúrik Vatnarson**

hdl.

mynd að íslenskir lögfræðingar myndu stofna slíkt félag sem jafnframt gæti átt aðild að AIDA.

## Um AIDA.

Alþjóðasambandið AIDA var stofnað 28. apríl 1960 í Lúxemborg og eru aðildarfélög nú 57 talsins. Heimsþing sambandsins eru haldin á fjögurra ára fresti og var hið fyrsta haldið í Róm árið 1962 þar sem voru yfir 1000 þátttakendur frá 50 löndum.

Síðan hafa verið haldin heimsþing í Hamborg (1966), París (1970) Lausanne (1974), Madrid (1978), London (1982), Búdapest (1986), Kaupmannahöfn (1990), Sydney (1994), Marrakech (1998) og New York (2002). Á slíkum þingum eru tekin fyrir umfjöllunarefni sem varða stærri grundvallaratriði í löggjöf, uppbyggingu bótakerfa eða umhverfi vátryggingarstarfseminnar í heild. Næsta heimsþing verður haldið í Buenos Aires en forseti AIDA, sem var kosinn á síðasta heimsþingi þegar Mikael Rosenmejer lét af starfi forseta, kemur frá Argentínu. Er það í fyrsta sinn sem forseti félagsins kemur frá landi utan Evrópu. Settir hafa verið á fót vinnuhópar sem hafa kannað tiltekin réttarsvið og skilað af sér skýrslum um starfið.

## Norrænt samstarf.

Norræn aðildarfélög hafa með sér samvinnu sem felst í því að haldin hafa verið málþing á 2-3 ára fresti þar sem framsögumenn flytja erindi sem varða sérstaklega norrænan rétt og umræður eiga sér stað. Félagið hefur jafnvel enn frekar gagn af þessu norræna samstarfi en hinu alþjóðlega samstarfi, þar sem íslenskur skaðabótaréttur og vátryggingaréttur hefur átt samleið með norrænum rétti. Má þar nefna lög nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga sem eru að grunni til samnorræn og frumvarp sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi til nýrra laga um vátryggingarsamninga sækir fyrirmynd sína til norskra laga. Jafnframt hafa meðlimir úr stjórnnum norrænu félaganna hist á fundum þar sem sameiginleg mál eru rædd, þ.á m.

undirbúningur vegna norræna málþingsins. Var slíkur fundur haldinn hér á landi hinn 2. júní 2003 sem 8 norrænir gestir sóttu og flutti einn gestanna erindi á fundi Félags um váttryggingarétt um endurskoðun laga um váttryggingarsamninga í Danmörku.

### Viðfangsefni.

Heiti félagsins er Félag um váttryggingarétt en váttryggingaréttur og skaðabótaréttur eru ná tengdar greinar lögfræðinnar. Váttryggingafélög koma að stærstum hluta skaðabótauppgjöra. Félagið lætur sig þess vegna varða báðar þessar greinar lögfræðinnar. Árlega kveður Hæstiréttur upp fjölmarga dóma á þessu réttarsviði. Þá hefur átt sér stað talsverð þróun í löggjöf á þessu sviði. Það hefur sýnt sig að ekki er skortur á umfjöllunarefnum til að taka fyrir á fræðafundum, m.a. hafa margar nýjar váttryggingagreinar orðið til á síðustu árum og nægir þar að nefna síaukinn fjölda starfsábyrgðartrygginga, sjúklingatryggingu og réttarástoðar- eða málskostnaðartryggingar í fjölskyldu- og fasteignatryggingum.

### Fræðslufundir félagsins.

Frá stofnun félagsins hefur það haldið ellefu fræðafundi, sem nú verða taldir:

Hinn 19. júní 2001 hafði formaður félagsins framsögu um *Áhættutöku farþega í bifreið með ölvuðum ökumanni*. Ritgerð sama efnis eftir framsögumann birtist síðar í *Líndælu*, afmælisriti, sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út til heiðurs Sigurði Líndal í tilefni sjötugsafmælis hans 2. júlí 2001.

Annar fræðafundurinn var haldinn 29. nóvember 2001. Fjallaði prófessor Viðar Már Matthíasson þá um efni, sem hann nefndi *Er nýrra laga um váttryggingarsamninga að vænta?* Gerði fyrirlesarinn m.a. grein fyrir ýmsum nýmælum, sem stjórnskipuð nefnd um ný lög um váttryggingarsamninga, hafði fjallað um.

Þriðji fundurinn var 15. janúar 2002. Hélt formaður félagsins þá erindi, sem hann nefndi *Spjall um skaðabótarétt í Bandaríkjunum – Sviptingar á síðustu árum*.

Fjórði fræðafundurinn var haldinn í tengslum við aðalfund félagsins 21. maí 2002. Framsögumaður var Ingvar Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmaður og talaði um efnið *Hefur hugtakið varanleg örorka fengið lögákveðna merkingu?* Tilefni erindisins var dómur Hæstaréttar 15. nóvember 2001, sem fjallar um rétt starfsmanns til bóta úr atvinnuslystryggingu launþega skv. kjarasamningi.

Fimmti fundurinn var 30. ágúst 2002. Þá flutti Hans Jacob Bull prófessor við lagadeild Oslóarháskóla fyrirlestur, sem hann nefndi *Identifikasjon i forsikringsretten*. Efni hans var áhrif þess á réttarstöðu váttryggðs, að aðrir en hann, einkum starfsmenn hans, váttryggingartaki eða meðváttryggðir, gerast sekir um brot gagnvart váttryggjanda. Var einkum rætt um efnið í ljósi norsku laganna um váttryggingarsamninga frá 1989. Til samanburðar vék prófessor Bull að eldri norrænum lögum um váttryggingarsamninga.

Sjötti fræðafundurinn var haldinn 10. október 2002. Kristján Guðjónsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri sjúkratryggingasviðs Tryggingastofnunar ríkisins, fjallaði þá um *Sjúkratryggingar skv. lögum um almannatryggingar*.

Sjöundi fundurinn var 26. nóvember 2002. Á honum var fyrirlesari Jakob R. Möller, hæstaréttarlögmaður. Fundarefni var *Verðsett skírteini í skaðatryggingum*.

Áttundi fundurinn var 21. janúar 2003. Þá talaði Una Björk Ómarsdóttir, lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins um *Sjúklingatryggingu skv. lögum nr. 111/2000*.

Níundi félagsfundurinn var haldinn 18. febrúar 2003. Þá hélt Þorvarður Sæmundsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri viðskiptasviðs hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. erindi um *Endurtryggingar*.

Tíundi fundurinn var 25. mars 2003. Rúnar Guðmundsson, formaður Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og yfirlögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu hélt þá erindi um *Starfsemi Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum*.

Ellefti fundurinn var haldinn 2. júní 2003. Jakob Thyssen Valerius, lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá Forsikring & Pension í Danmörku hélt þá erindi um *Endurskoðun dönsku laganna um váttryggingarsamninga (Forsikringsaftaleven)*.

Fundi félagsins sækja að jafnaði um 20-30 félagsmenn en í félaginu eru 67 einstaklingar, sex váttryggingafélög og þrjár lögmannsstofur.

Fleiri fræðafundir eru ráðgerðir á næstunni. Þeir sem áhuga hafa á að sækja fundina og ganga í félagið eru hvattir til að hafa samband við einhvern stjórnarmanna.

Formaður félagsins er Arnljótur Björnsson, ritari Erla S. Árnadóttir, hrl. og gjaldkeri Rúrik Vatnarsson hdl. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. er varastjórnarmaður.

# Hið íslenska sjóréttarfélag

HIÐ íslenska sjóréttarfélag var stofnað 1982. Frá upphafi hefur félagið haldið reglulega fræðafundi um ýmis viðfangsefni sjóréttar og skyldra greina. Hafa framsögumenn verið bæði frá Íslandi og hinum Norðurlöndunum. Fljótlega eftir stofnun félagsins hófst útgáfa tímaritsins Njarðar en hún hefur legið niðri frá 1992. Síðustu ár hafa fræðafundir verið fátíðir en síðast var haldinn fundur í apríl 2003. Þar hafði Magnús K. Hannesson, Ph.d., framsögu um undirbúning nýs alþjóðasáttmála um eininga- eða stykkjavöruflutninga, sem ætlað er að leysa Haag-Visby reglurnar og Hamborgarreglurnar af hólmi. Í undirbúningi er nú uppsetning heimasíðu félagsins á vefnum og fleiri nýjungar.



**Jón Finnbjörnsson**

héraðsdómari

Í stjórn félagsins sitja Jón Finnbjörnsson héraðsdómari, sem er jafnframt formaður félagsins, Jón H. Magnússon hdl., varaformaður, Magnús Helgi Árnason hdl., gjaldkeri, Aðalsteinn Jónasson hrl., Einar Baldvin Axelsson hrl., Garðar Briem hrl., og löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóna, og Magnús K. Hannesson sendifulltrúi.

Rúmlega 100 einstaklingar eru nú félagar, auk nokkurra fyrirtækja. Félagið er opið öllum áhugamönnum um sjórétt og skyldar greinar, svo og

fyrirtækjum sem starfa á þessu sviði.

Peir sem óska eftir aðild að félaginu geta kynnt einhverjum stjórnarmanna vilja sinn. Nauðsynlegt er að gefin sé upp kennitala viðkomandi. Formaður félagsins hefur netfangið [jon@sjorettur.is](mailto:jon@sjorettur.is).

## Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar  
á ensku, norðurlandamál,  
frönsku, þýsku og rússnesku  
(nú þýðendur og túlkar).  
Dóm og skýrslutökutúlkun.

**Ellen Ingvadóttir**

Löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.  
Laugavegi 163a - sími: 562-6588  
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717  
netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)



Þú getur  
fengið þá  
á netinu!

**[www.pmt.is](http://www.pmt.is)**

**ALLAR GERÐIR STIMPLA**



**pmt**  
last miðar & tækni ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

# Vinnuréttarfélag Íslands

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

VINNURÉTTARFÉLAG ÍSLANDS er tveggja ára um þessar mundir. Það var stofnað 12. desember 2001 í þeim tilgangi að vinna að umfjöllun og rannsóknum á sviði vinnuréttar, efla samskipti milli þeirra sem starfa að vinnuréttarmálum og stuðla að útgáfu greina og rita um vinnurétt. Félagsmenn eru um 70 talsins.



Stjórn Vinnuréttarfélags Íslands. F.v. Sigurður Líndal formaður, Hrafnhildur Stefánsdóttir ritari og Atli Gíslason.

Formaður félagsins er Sigurður Líndal, fyrrverandi prófessor. Aðrir í stjórn eru Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins, og Atli Gíslason hrl. Í varastjórn eru Magnús Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ, og Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Það sem af er hefur félagið haldið nokkra fræðafundi. Fjallað hefur verið um Félagsdóm, tilurð hans og hlutverk. Sigurður Líndal hafði framsögu en skiptar skoðanir eru um þörfina á slíkum sérdómstól og tilnefningar aðila í dóminn. Töldu sumir fundarmanna að skipan dómsins hefði reynst vel. Hægt sé að fá dóm á mjög skömmum tíma og innan þess 7 daga frests sem er boðunartími verkfalls. Slíkur möguleiki þurfi að vera fyrir hendi. Flýtimeðferð fyrir almennum dómstólum svari ekki þeim kröfum. Aðrir töldu skipan dómsins vera barn síns tíma. Stærsti ágallinn sé að efnisdómum hans verði ekki áfrýjað. Fyrir komi að Félagsdómur sé að taka ákvarðanir sem hafa áhrif langt út fyrir vinnumarkaðinn. Það sé ein megin röksemdin fyrir breytingum á réttinum.

Á öðrum fundi var rætt um félagafrelsi starfs-

manna í ljósi dóms Félagsdóms í máli nr. 2/2002. Félagsdómur taldi að í forgangsrétti stéttarfélags fælist ruðningsréttur, þ.e. að við uppsögn eigi félagsmenn þess félags að sitja fyrir um vinnu umfram félagsmenn annars félags sem ekki hafði samið um forgangsrétt félagsmanna sinna að umræddum störfum. Framsögu höfðu Ragnar Árnason hdl. og Lára V. Júlíusdóttir hrl. Umræður voru líflegar en niðurstaða dómsins virtist koma sumum félagsmönnum á óvart. Bótamál þeirra starfsmanna sem Félagsdómur taldi að ólöglega hefði verið sagt upp eru nú til meðferðar í Hæstarétti.

Að loknum aðalfundi félagsins s.l. vor var síðan fjallað um persónuvernd starfsmanna. Framsögu höfðu Elsa Þorkeldsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd, og Bergþóra Ingólfssdóttir, Mandat lögmannsstofu. Þessir fundir hafa verið haldnir í hádeginu og verið mjög vel sóttir.

Þá hefur félagið gerst aðili að alþjóða vinnuréttarfélaginu, International Society for Labour Law and Social Security, en það félag gengst reglulega fyrir ráðstefnum á sviði vinnuréttar, nú síðast í Montevideo.

Lögmenn sem hafa hugmyndir um efni eða verkefni sem vert gæti verið að taka upp eru hvattir til að koma þeim á framfæri við stjórnarmenn.



Af fundi Vinnuréttarfélags Íslands.

# Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja

FÉLAG lögfræðinga fjármálafyrirtækja á rætur sínar að rekja allt til ársins 1972. Þá hittust nokkrir lögfræðingar sem störfuðu hjá bönkum í Reykjavík og ákváðu að stofna félagskap sem myndi hafa forgöngu í sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, einkum að því að bæta störf og starfsaðstöðu þeirra með hvers konar félagslegum úrræðum. Félagið hét upphaflega Félag íslenskra bankalögfræðinga og voru við stofnun þess 20 lögfræðingar skráðir í það. Strax frá upphafi voru lög félagsins orðuð með þeim hætti að innan félagsins gætu hugsanlega verið allir þeir starfandi lögfræðingar sem ynnu hjá lánastofnunum



**Daði Bjarnason**

hdl.

sambærilegum við banka og sparisjóði. Hefur það og verið raunin. Árið 1999 var félagið stækkað þannig að lögfræðingum hjá váttryggingafélögum var boðin aðild að félaginu, auk lögfræðinga hjá tengdum stofnunum og fyrirtækjum á fjármálamarkaði svo sem Fjármálaeftirlitinu, Verðbréfaskráningu Íslands og Kauphöll Íslands. Var það gert m.a. í ljósi þess að samstarf á milli tryggingafélaga og lánastofnana hafði færst í vöxt auk þess sem umsvif íslensks verðbréfamarkaðar hafði aukist til muna á þeim árum frá því sem áður var. Í dag eru skráðir u.þ.b. 130 lögfræðingar í félagið og geta allir þeir verið félagsmenn sem hafa lögfræðipróf og starfa hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Mikilvægasta hlutverk félagsins í dag er að gangast fyrir skoðanaskiptum og fræðastarfi á sviði lögfræði hjá félagsmönnum og stuðla að endurmenntun þeirra. Þannig heldur félagið a.m.k. fjóra fundi árlega auk aðalfundar. Hápunktur starfseminnar er árlegt fræðsluþing félagsins. Hafa slík þing á undanförunum árum verið haldin úti á landi og fengnir sérfróðir fyrirlesarar um þau efni sem til umræðu eru hverju sinni. Auk þessa eru haldnir styttri fræðslufundir þar sem fjallað er um nýjar laga- eða reglugerðarbreytingar eða tillögur þar um, athyglisverða dóma sem fallið hafa eða önnur málefni er varða hagsmuni eða störf lögfræðinga hjá fjármálafyrirtækjum. Stjórn félagsins eru skipuðum þremur mönnum; formanni, varaformanni, sem jafnframt er gjaldkeri og ritara. Stjórnina skipa nú þau Daði Bjarnason hjá Sparisjóðabanka Íslands, Helga Jónsdóttir hjá Sjóvá Almennum og Stefán Þór Bjarnason hjá Landsbanka Íslands. Þeir sem hafa áhuga á að ganga til liðs við félagið geta sett sig í samband við framangreinda aðila.

## Réttur pappír á réttum stað!

Við sérhæfum okkur í pappír fyrir allar gerðir skrifstofutækja.

- Geislaprentara; bleksprautu
- Ljósritun í lit og svörtu
- Ljósritunarpappír í 25 litum
- Allar stærðir og gerðir umslaga

Leitið upplýsinga

 **—hvítlist**  
PAPPÍR TIL PRENTUNAR

Bygggördum 7 • 170 Seltjarnarnesi • Sími 561 2141



# Lög um fjármálafyrirtæki



**Helgi Sigurðsson**  
hrl.

**L**ÖGGJÖF um fjármálafyrirtæki Lsnýst í stuttu máli um öryggi og traust. Lagasetningin þarf að miða að því að tryggja hagsmuni innlánseigenda og lúta að því að takmarka eða hafa stjórn á áhættu sem fólgin er í bankastarfsemi. Með lagasetningunni þarf einnig að huga að eftirliti með fjármálastarfsemi og tryggja fjármálafyrirtækjum hér á landi jafna samkeppnisstöðu með því að samræma innlendar reglur við þær reglur sem gilda á alþjóðlegum mörkuðum.

Lög nr. 161/2002 eru heildarlög um fjármálafyrirtæki og koma í stað laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996, laga um aðrar lána- stofnanir nr. 123/1993, stofnanabáttarins í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 13/1996 (nú lög nr. 33/2003), og laga um rafeyrisfyrirtæki nr. 37/2002, auk þess sem breytingar urðu á reglum um rekstrarfélög verðbréfasjóða í lögum um verðbréfasjóði nr. 10/1993 (nú lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði).

Í lögnum er vikið að ýmsum sameiginlegum reglum um fjármálafyrirtæki s.s. varðandi hlutafé, stofnfé og áhættu. Áhætta sem felst í banka- og fjármálastarfsemi er margþætt. Tjónsáhætta (credit risk) felur í sér að viðskiptavinir bankans standa ekki við þær skuldbindingar sem þeir hafa undirgengist. Markaðsáhætta (market risk) er sú áhætta nefnd þegar sveiflur á efnahagsstærðum á markaðinum valda því að verðbréfaeign bankans lækkar. Rekstraráhætta (operational risk) er stundum skilgreind sem öll önnur áhætta en tjóns- áhætta og markaðsáhætta, en fyrst og fremst er um að ræða áhættu vegna slakrar stjórnunar, ófull- nægjandi eftirlits, sviksamlegrar háttsemi o.fl. Kerfisbundin áhætta (systematic risk) er sú áhætta nefnd þegar vanskil eins fjármálafyrirtækis hafa áhrif á önnur fjármálafyrirtæki. Þessi áhrif geta komið fram í því að viðkomandi fjármálafyrirtæki getur ekki staðið við skuldbindingar gagnvart öðru fjármálafyrirtæki eða því að almenn hræðsla grípur um sig á fjármálamarkaði sem leiðir til þess

að viðskiptavinir taka út fjármuni. Þessar tegundir af áhættu tengjast inn- byrðis. Slök stjórnun leiðir til ófull- nægjandi lánaeftirlits, sem hefur áhrif á tjónsáhættu bankans og áhættudreif- ingu verðbréfaeignar. Þetta getur leitt til þess að fjármálafyrirtækið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar sem kemur af stað kerfisbundinni áhættu hjá öðrum fjármálafyrir- tækjum.

Starfsemi banka og starfsheimildir samkvæmt lögum hafa tekið miklum

breytingum á undanförunum árum. Starfsemi- nefur færst úr því að vera eingöngu milliganga með innlán og útlán yfir í það að bankar eru farnir að veita víðtæka fjármálaþjónustu og stunda fjár- festingarbankastarfsemi. Þessar breytingar taka mið af þróun á alþjóðlegum fjármálamarkaði og fellur þessi þjónusta undir starfsheimildir banka eins og þær eru t.d. skilgreindar í tilskipunum Evrópusambandsins. Þetta er niðurstaða sem hefur skapast m.a. af hreinni þörf viðskiptalífsins og þeim hugmyndum sem almennt eru viður- kenndar í nútíma bankastarfsemi. Bankarnir hafa eignast hlut í einstökum fyrirtækjum og átt þátt í umbreytingarferli þeirra og hefur það í mörgum tilvikum skilað sér í stærri og öflugri fyrirtækjum sem hafa haft burði til þess að láta að sér kveða bæði hér á landi og erlendis. Þetta er sérstaklega mikilvægt hérlendis þar sem naumast er til að dreifa öðrum aðilum sem geta komið að verk- efnum með þessum hætti. Verðbréfasjóðum og líf- eyrissjóðum er þetta óheimilt í ljósi reglna um áhættudreifingu auk þess sem erfitt væri fyrir líf- eyrissjóði að standa að ýmsum sársaukafullum aðgerðum sem slíkar breytingar geta haft í för með sér.

Löggjöf á evrópska efnahagssvæðinu felur í sér að starfsleyfi fjármálafyrirtækis í einu ríki veitir því heimild til þess að opna útibú í öðru ríki innan EES. Eftirlit með starfsemi er í höndum fjár- málaeftirlitsins í heimaríki fyrirtækisins. Fjár-

málafyrirtækinu er heimilt að stunda þá starfsemi sem lögin taka til í viðkomandi ríki svo framfarlega sem hún er fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. Þessi regla stuðlar að samræmdri lagasetningu á evrópska efnahagssvæðinu, enda felur hún í sér að það þjónar takmörkuðum tilgangi fyrir aðildarríkin að setja strangari reglur en tilskipanir Evrópusambandsins gera ráð fyrir.

Ákveðnar hömlur eru á meðferð eignarhluta í fjármálafyrirtækjum skv. VI. kafla laga nr. 161/2002. Áskilið er fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins ef aðilar hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki eins og hann er nánar skilgreindur í lögnum. Sama regla gildir reyndar einnig um váttryggingastarfsemi skv. lögum nr. 60/1994, sbr. lög nr. 69/2001. Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi umsækjanda en sæki aðili ekki um leyfi, eða eignast virkan eignarhlut

þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans, fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita dagsektum til að knýja á um sölu hlutar.

Ákvæði X. kafla laganna um laust fé og eigið fé og eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja, svokallaðar CAD reglur eru lykilatriði þegar kemur að samræmingu reglna á fjármálamarkaði. Markmið þeirra er að styrkja eigið fé banka með því að gera auknar kröfur til eigin fjár einkum þegar um áhættusamar lánveitingar er að ræða. Reglur um eiginfjárlutfall eru nánar skilgreindar í reglum nr. 530/2003.



**RENATA EHF**  
**ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN**

**RENATA ERLENDSSON**  
lögilltur dómtúlkur og skjalapýðandi

**ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA**  
**VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ**  
**ÁRATUGA REYNSLA**

**Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík**  
**E-mail: renata@tv.is**

**Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.**  
**GSM: 898 0904**  
**Fax: 562 2517**

**Sími 568 9095**

**Eyðing skjala**

**Einfalt**  
**Öruggt**  
**Fljótlegt**

**GAGNAEYÐING**

Gagnaeyðing ehf.  
Skúlvogi 13 - 104 Reykjavík  
Sími: 568 9095, fax: 568 8215, fónsími: 897 2803  
Netfang: gagnaeyding@vortek.is  
Opíð frá kl. 9:00 til 17:00,  
mánudaga til föstudaga (og eftir samkomulagi).

# Lagaumhverfi sjóða um sameiginlega fjárfestingu

**Þ**ANN 1. júlí 2003 tóku gildi ný lög um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði nr. 30/2003. Í þessari grein er ætlunin kynna stuttlega lagaumhverfi sjóða um sameiginlega fjárfestingu og breytingar á því með nýjum lögum. Þá er vakin athygli á athyglisverðri umræðu sem á sér stað í Bandaríkjunum um starfsemi skyldra sjóða.



**Jóhann Pétur Harðarson**

hdl.

## Af hverju lög um sjóði?

Engin altæk skilgreining er til um sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Margvíslegar tegundir sjóða eru til. Aðgreining felst til dæmis í því hvort sjóður kaupi einungis ákveðnar tegundir fjármálagerna eða hvort almenningi eða eingöngu fagfjárfestum er heimilt að fjárfesta í þeim. Sjóði má líka til dæmis flokka eftir því hvort þeim er skylt að kaupa hluti fjárfesta aftur að kröfu þeirra eða, hvort sjóður starfi sem sjálfstætt félag eða hluti af starfsemi stærra fjármálafyrirtækis.

Svona mætti lengi telja. Það sem öllum sjóðum er sameiginlegt er sú starfsemi að taka við fé frá fjárfestum til þess að endurfjárfesta í fjármálagerningum. Þá er lítið svo á að félög sem eru í annari starfsemi eða blandaðri starfsemi teljist ekki til sjóða. Kostir sjóða felast meðal annars í möguleikum fjárfesta á meiri áhættudreifingu, aðgangi að sérfræðipækkingu og lægri viðskiptakostnaði en ef þeir fjárfestu eingöngu á eigin vegum. Að auki leika sjóðir mikilvægt hlutverk við að flytja fjármagn frá fjárfestum til framkvæmda.

Vegna þjóðhagslegs mikilvægis sjóða og þeirrar staðreyndar að hluti af ævisparnaði fjölmargra einstaklinga er bundinn í sjóðum hefur víðast hvar þótt rétt að setja sérlög um sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Sjóðir sem falla undir gildissvið slíkra laga lúta þá eftirliti og sæta takmörkunum um skipulag og starfsemi. Því er laga-setning oft rökstudd með vísan til neytendaverndar. Á Íslandi hafa verið ákvæði í lögum um

sjóði um sameiginlega fjárfestingu síðan 1986. Árið 1993 voru sett sérlög um verðbréfasjóði. Gildandi lög tóku við þeim.

Inntak laga um sjóði um sameiginlega fjárfestingu

Samkvæmt íslenskum lögum er rekstur sjóða um sameiginlega fjárfestingu starfsleyfisskyldur. Eingöngu aðilar sem uppfylla skilyrði laganna fá starfsleyfi. Skilyrðin lúta meðal annars að skipulagi með tilliti til félagaforms og innri verkferla, hæfi starfsmanna, upplýsingagjöf til fjárfesta og yfirvalda, óhæfi gagnvart öðrum en fjárfestum, útreikning á gengi og fjárfestingaheimildum. Að auki eru ákvæði í lögnum um eftirlit og viðurlög.

## Markmið og breytingar nýrra laga

Megin markmið nýrra laga eru þrjú. Í fyrsta lagi að innleiða breytingar í samræmi við breytingar á ESB rétti. Nýlegar breytingar á UCITS tilskipun frá árinu 1985 um sjóði um sameiginlega fjárfestingu kölluðu á breytingar í íslenskum lögum. Sjóðir sem uppfylla skilyrði tilskipunar geta fengið starfsleyfi á öllu EES svæðinu. Skilyrðin eru ströng til dæmis hvað varðar heimilar fjárfestingar. Um 90% af fjárfestingum slíkra sjóða þurfa vera í skráðum fjármálagerningum. Afleiðuviðskipti eru takmörkuð og ítarleg ákvæði um áhættudreifingu gilda. Þá er þeim ávallt skylt að kaupa til baka hlut fjárfesta að kröfu þeirra. Hugtakið „verðbréfasjóður“ er samkvæmt þessu lögbundið um sjóði sem hafa starfsleyfi á grundvelli skilyrða tilskipunar. Með nýjum lögum voru starfsheimildir verðbréfasjóða rýmkaðar til samræmis við breytingar á tilskipun.

Í öðru lagi var markmið nýrra laga að auka samkeppnishæfni íslenskra sjóða. Í þessu skyni var skattaleg staða sjóða bætt. Þá voru ákvæði um stjórnskipulag sjóðanna endurskoðuð og fleiri rekstrarform heimiluð.

Í þriðja lagi var markmið með nýjum lögum að stuðla að skilvirkari neytendavernd. Í þessu fólst ekki síst viðtækara gildissvið en áður. Í gildistíð eldri laga voru verðbréfasjóðir eina tegund sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem lutu eftirliti og ákvæðum sérlaga. Um félög sem stunduðu nákvæmlega sömu starfsemi en uppfylltu ekki skilyrði um að teljast til verðbréfasjóða, giltu einungis almenn hlutafélagalög. Þó áttu sömu rök við um þörf á lagasetningu gagnvart þeim. Þessi félög voru nefnd hlutabréfasjóðir, en hugtakið var hvergi skilgreint í lögum. Við þessu tómarúmi er brugðist í nýjum lögum. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir nýrri tegund sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Hugtakið „fjárfestingasjóður“ er bundið í lög um slíka sjóði. Um þá gilda töluvert rýmri heimildir um skipulag og fjárfestingar en verðbréfasjóði. Að sama skapi er eingöngu heimilt að markaðssetja þá á Íslandi. Rétt er að geta þess að ný lög gera einnig ráð fyrir tilvist sjóða sem eingöngu fagfjárfestum er heimilt að fjárfesta í. Rekstur slíkra sjóða er eingöngu tilkynningar-skyldur til Fjármálaeftirlits en um starfsemina eru engin ákvæði. Slíkir sjóðir eru oft áhættusæknari en aðrir sjóðir.

## Umræða í Bandaríkjunum

Óþarfi er að fjölyrða um umræðu um ósiðleg og ólögleg vinnubrögð í tengslum við rekstur ýmissa stórfyrirtækja í Bandaríkjunum. Á síðustu

vikum hefur umræðan teygst sig til starfsemi sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Í ljós hefur komið að ýmsir rekstraraðilar og mikilvægir viðskiptamenn þeirra hafa á skipulegan hátt misnotað aðstöðu sína við rekstur sjóða í eigin hagnaðarskyni í nokkrum mæli undanfarin ár. Í sumum tilfellum er um umfangsmikla ólöglega háttsemi að ræða. Flest bendir til þess að orsakir hennar megi meðal annars rekja til slægrar framkvæmdar eftirlits frekar en skort á lagaákvæðum þar um.

Hin umdeilda háttsemi hefur aðallega verið tvenns konar. Annars vegar felst hún í viðskiptum með hluti í sjóðum, eftir að daglegt innlausnargengi hefur verið ákveðið, á grundvelli upplýsinga sem lágu ekki fyrir þegar innlausnargengið var ákveðið. Slík viðskipti eru oft nefnd „market trading“ og eru ólögleg. Hins vegar hafa mikilvægir viðskiptamenn og jafnvel starfsmenn ýmissa sjóða fengið að eiga mjög tíð viðskipti með hluti í sjóðum á kostnað langtímafjárfesta „market timing“. Slík viðskipti eru oft á gráu svæði lagalega. Allsherjar endurskoðun er nú hafin um lagaumhverfi þessara sjóða í Bandaríkjunum. Búast má við ýmsum breytingum í kjölfarið. Í Evrópu er þegar hafin umræða um hvort svipuð vandamál komi upp þar. Fyrirfram eru ekki taldar líkur til þess. Það verður því fróðlegt að fylgjast með þróun mála á þessu sviði næstu misseri.

## *Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár*

### Reykjavík

Fulltingi ehf. lögfræðipjónusta  
Suðurlandsbraut 18

Lára V. Júlíusdóttir hrl. ehf.  
Suðurlandsbraut 18

Lögmennstofan Suðurlandsbraut 4 ehf.  
Árni Einarsson hdl., Steingrímur Eiríksson hrl.  
Suðurlandsbraut 4

Juris - Lögfræðiskrifstofan  
Suðurlandsbraut 6

Lögmennskrifstofa Gissur V. Kristjánsson hdl.  
Síðumúla 15

Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.  
Vegmúla 2

Löglist ehf.  
Ármúla 15

Lögmenn Höfðabakka -  
Höfðabakka 9 -

Lögmenn Austurstræti 10a  
Austurstræti 10a

AM PRAXIS sf  
Sigtúni 42

Lögmennstofa Magnúsar Baldurssonar  
Engjateigi 9

# Lög um verðbréfavíðskipti



**Bjarki H. Diego**  
hrl.

LÖG og reglur um verðbréfavíðskipti hafa verið mikið til umræðu undanfarin misseri, ekki hvað síst á meðal stjórnámálanna og fjölmiðla. Oft er það með þeim hætti að bent er á brotalamir, hvað megi betur fara og jafnvel að íslensk verðbréfalöggjöf sé ófullkomin eða hún sé vart til staðar! Allt slíkt er fjarri raunveruleikanum og staðan hérlendis í raun sú að löggjafinn og framkvæmdavaldið hafa fylgst náið með þróun á fjármálamarkaði í Evrópu og settu nýlega nokkuð heildstæða löggjöf um verðbréfamarkaðinn. Ætlunin er að fjalla stuttlega um lög nr. 33/2003 um verðbréfafyrirtæki í þessari grein.

Það fer vart á milli mála að þróun á verðbréfamörkuðum og í verðbréfavíðskiptum hefur verið gríðarlega ör síðustu misseri. Þannig má geta þess að fram til ársins 1986 voru ekki í gildi hérlendis lög sem sérstaklega fjölluðu um verðbréfavíðskipti. Að sjálfsögðu áttu menn þó í verðbréfavíðskiptum fram til þess tíma en kæmi til ágreinings varð að leysa úr honum eftir almennum reglum kröfu- og víðskiptabréfaréttar sem og reglum hlutafélagalaga. Fyrstu lög sem sett voru um verðbréfavíðskipti á Íslandi voru lög nr. 27/1986 um verðbréfamíðlun. Árið 1989 voru síðan sett lög nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði, sem líkt og nafnið ber með sér, giltu bæði um víðskipti með verðbréf og starfsemi verðbréfasjóða. Voru þau mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að ýmsu leyti í samræmi við löggjöf nágrannaríkja okkar. Árið 1993 voru sett lög nr. 9/1993 um verðbréfavíðskipti og var þá tekið mið af reglum Evrópusambandsins um þetta efni, auk löggjafar nágrannaríkjanna, vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þau lög voru síðan leyst af hólmi með lögum nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, þar sem innleiddar voru tilskipanir ESB um fjárfestingarþjónustu á sviði

verðbréfavíðskipta (93/22/EB) og eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (93/6/EB). Þeim lögum var breytt samtals 10 sinnum á árunum 1998 til 2003, er núgildandi lög nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti öðluðust gildi. Eins og sést á þessari upptalningu er ljóst að mikil þróun hefur átt sér stað á því regluverki sem gildir um verðbréfamarkaði og oft hefur löggjafinn gripið inn í eða aukið við þar sem slíkt hefur verið talið nauðsynlegt. Til samanburðar má geta

þess að lög um lausafjárkaup nr. 39/1922, sem giltu um víðskipti manna með lausafjármuni og með löggjöfnun um fasteignakaup, stóðu svo gott sem óbreytt þar til ný lög voru sett árið 2000, tæpum 80 árum síðar! Á tæplega tuttugu ára tímabili, þ.e. frá því lagareglur um víðskipti manna með verðbréf litu fyrst dagsins ljós, hefur slíkri löggjöf á hinn bóginn margsinnis verið breytt og bætt við.

Segja má að þessi þróun löggjafar um verðbréfavíðskipti hafi haldist nokkurn veginn í hendur með þróun skipulegs verðbréfamarkaðar hér á landi. Þannig var skipulegum verðbréfamarkaði fyrst komið á hérlendis árið 1985 en til samanburðar má geta þess að slíkir verðbréfamarkaðir tóku til starfa í Svíþjóð, Noregi og Danmörku á ofanverðri 19. öld og enn fyrr í helstu fjármálamiðstöðvum heimsins, New York og London, þar sem kauphallir með verðbréf tóku til starfa um aldamótin 1800. Þannig vorum við 100 til 200 árum seinni að koma okkur upp skipulegum verðbréfamarkaði en þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við. Skipulegum verðbréfamarkaði var fyrst komið á hér á landi með reglum nr. 268/1985 um Verðbréfafing Íslands sem settar voru af bankastjórn Seðlabanka Íslands og staðfestar af víðskiptaráðherra hinn 28. júní 1985. Voru reglurnar birtar í B-deild Stjórnartíð-

inda. Fyrstu verðbréfin voru síðan skráð í viðskiptakerfi Verðbréfaþings þann 8. nóvember 1985 og voru það flestir útistandandi flokkar spariskírteina ríkissjóðs. Hlutabréf voru síðan fyrst samþykkt til skráningar 15. október 1990 og var þar um að ræða hlutabréf Olíverzlunar Íslands hf. (Olís) og Fjárfestingarfélags Íslands hf. Viðskipti í kauphöll fóru hægt af stað en frá árunum 1990 til 2003 hefur velta með verðbréf í kauphöll aukist úr rúmum 20 milljörðum króna á ári í u.þ.b. 450 milljarða króna fyrstu tíu mánuði ársins 2003, og skal þá jafnframt tekið fram að desember hefur iðulega verið veltumeiri en aðrir mánuðir ársins. Samhliða þróun verðbréfamarkaðar, sem hefur næstum þrjátíufaldast á rösklega 10 árum, hefur orðið veruleg breyting á lagaumhverfinu og má með sanni segja að myndarlega hafi verið að verki staðið í þeim efnum, þótt því verði fráleitt haldið fram að löggjöf á verðbréfamarkaði sé fullkomin frekar en önnur mannanna verk.

Lög nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti hafa að geyma hegðunarreglur um réttindi og skyldur í verðbréfaviðskiptum en fjallað er um stofnanapátt aðila á verðbréfa- og fjármálamarkaði í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Með núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti eru innleidd ákvæði viðeigandi tilskipana á sviði fjármálaþjónustu, auk þess sem tekið er mið af því hvernig eldri löggjöf hefur reynst og hvernig verðbréfamarkaður hér á landi hefur þróast.

Þannig eru í lögnum nokkuð ítarlegar reglur um skyldur fjármálafyrirtækja, sem m.a. kveða á um almenna upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptavinum og skyldu þeirra til óhlutdrægni og jafnræðis, aðskilnað einstakra starfssviða og reglur um viðskipti verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning. Þá eru í lögnum ítarlegar reglur um útboð verðbréfa þar sem m.a. er kveðið á um að almenn útboð verðbréfa séu háð því að útboðslýsing sé gefin út. Í útboðslýsingu eiga að koma fram allar þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru

nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti á grundvelli þekkingar sinnar metið verðmæti verðbréfa sem boðin eru til sölu. Voru ákvæði þessi m.a. sett til að sporna við viðskiptum almennings með óskráð verðbréf, eða á „gráum markaði“. Segja má að nokkur misbrestur hafi verið á því, sérstaklega á árunum 1998 til 2000 er almenn-ingur keypti hlutabréf í fyrirtækjum þrátt fyrir að litlar upplýsingar lægju fyrir um rekstur þeirra eða verðmæti að öðru leyti. „Gráir markaðir“ eru andstaða skipulegra verðbréfamarkaða þar sem skylt er að tilkynna allar markverðar upplýsingar um útgefendur sem skráð hafa verðbréf á skipulegum mörkuðum. Einnig eru í lögnum reglur um flöggun vegna breytinga á eignarhaldi verulegs eignarhluta verðbréfa sem skráð eru á skipulegum verðbréfmörkuðum og ítarlegar reglur um markaðsmisnotkun og innherjaviðskipti sem tekið hafa nokkrum breytingum frá því ákvæði þar um voru fyrst lögfest, þannig að þau hafa verið hert og gerð skýrari en áður var. Einnig eru nú í lögum um verðbréfaviðskipti ítarleg ákvæði um viðurlög við brotum á ákvæðum laganna, þar sem m.a. eru nýmæli um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við nánar tilgreindum brotum. Þannig má segja að komið sé nokkuð heildstæður rammi um verðbréfaviðskipti sem, eins og áður segir, hefur tekið nokkrum breytingum sl. ár til samræmis við aukin umsvif verðbréfamarkaðar. Ætla má að þessi lagarammi verði í stöðugri þróun bæði vegna sifelldrar endurskoðunar á reglum Evrópusambandsins á sviði fjármálaþjónustu og eins vegna breytinga á markaðsumhverfinu hér á landi sem fylgst er náið með af bæði markaðs- og eftirlitsaðilum. Hafa þá ekki verið nefndar breytingar á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og reglum um fjármálafyrirtæki, þar sem m.a. er aukið við hlutverk Fjármálaeftirlitsins og því veittar víðtækari heimildir en áður. Allar fullyrðingar um að það skorti á lagareglur um verðbréfaviðskipti hér á landi eru því algerlega úr lausu lofti gripnar og hið sama á við um gagnrýni á skort á valdheimildum Fjármálaeftirlitsins eða meint aðgerðarleysi þess. Ósanngjörn gagnrýni á aðgerðarleysi Fjármálaeftirlitsins má að verulegu leyti skýra með því að um meðferð mála fyrir eftirlitinu gildir, eðli máls samkvæmt, ströng þagnarskylda sem starfsmenn eftirlitsins hafa virt. Það sem helst má gagnrýna við núverandi löggjöf er að reglur um yfirtöku-skyldu eru ófullkomnar, eins og bent hefur verið á í tengslum við nýlegar yfirtökur og afskráningar félaga sem skráð hafa verið í Kauphöll Íslands.





Þær eru nú til endurskoðunar. Reglur um yfirtökuskyldu eru annars mjög misjafnar meðal Evrópuríkja. Ákvæði þeirra eru mismunandi viðtæk og frábrugðið hvaða eignarhald knýr fram yfirtökuskyldu. Þannig má nefna að hér á landi, í Danmörku og í Noregi, knýr eignarhald að 40% eignarhlut yfirtökuskyldu, í Bretlandi og Svíþjóð 30% eignarhald og í Finnlandi 66,67% eignarhald. Helgast mismunandi reglur innan Evrópu væntanlega af því að það var fyrst í síðasta mánuði sem

náðist samstaða innan Evrópusambandsins um sameiginlega tilskipun um yfirtökur (e. take-over directive) sem unnið hefur verið að af hálfu framkvæmdastjórnar ESB um árabíl. Eru lagareglur hér á landi annars að öllu verulegu leyti í samræmi við það sem gerist í nálægum löndum og íþyngjandi fyrir verðbréfmákað og fjármálafyrirtæki, en slíkar íþyngjandi reglur má rökstyðja með því að þær séu nauðsynlegar til þess að verðbréfa- markaðir geti notið trausts.

## *Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár*

### **Seltjarnarnes**

Lög og réttur ehf.  
Austurströnd 3

Lögmenn Eiðistorgi  
Eiðistorgi 13

### **Garðabær**

Lögmennstofa Eddu Sigrúnar  
Efstalundi 5

### **Hafnarfjörður**

Lögmennstofa Bjarna Lárussonar hdl.  
Bæjarhrauni 2

Lögmennstofa Þórdísar Bjarnadóttir ehf  
Bæjarhrauni 20

Lögmenn Thorsplani sf.  
Fjarðargötu 11

Lögmenn Strandgötu 25  
Árni Grétar Finnsson hrl.  
Stefán Bj. Gunnlaugsson hdl.  
Jónas Þór Guðmundsson hdl.

### **Keflavík**

Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.  
Hafnargötu 29

### **Akranes**

Lögmennstofa Tryggva Bjarnasonar  
Kirkjubraut 28

Lögfræðistofa Vesturlands ehf.  
Sunnubraut 21

### **Borgarnes**

Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.  
Borgarbraut 61

### **Stykkishólmur**

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf  
Aðalgötu 2

### **Akureyri**

Lögmenn Akureyri ehf  
Anna Guðný Júlíusdóttir hdl.  
Ingibjörg Elíasdóttir hdl.  
Hafnarstræti 88

Lögmennstofa Norðurlands ehf.  
Skipagötu 14  
Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.

### **Seyðisfjörður**

Jónas A. P. Jónsson hdl.  
Hafnargötu 28

### **Selfoss**

Lögmenn Suðurlandi ehf.  
Austurvegi 3  
Málflutningsstofan Austurvegi 6 ehf.  
Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.  
Óskar Sigurðsson hdl.

### **Vestmannaeyjar**

Lögmenn Vestmannaeyjum ehf.  
Strandvegi 48

# Öflug nú tíma verkfæri

Stafrænar ljósritunarvélar  
sem skanna, prenta,  
senda og móttaka fax  
og skrifa út tölvupóstinn.

## TÆKNIBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 12 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMAR 510 5520 • 510 5500



MINOLTA

Ný lína  
frá Minolta í  
s/h ljósritunarvélum:  
Di2510, Di3010  
og Di3510.

Fjölnota  
tæki með  
öflugum tölvu  
og nettengi.